

Árbók bílgreina 2018

Hagtölur
um íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ



RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

ÁRBÓK BÍLGREINA 2018

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2018 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar

Ritstjóri og ábyrgðamaður: Árni Sverrir Hafsteinsson

Texti og talnaefni: Aron Valgeir Gunnlaugsson og Pálmar Þorsteinsson

Hönnun kápu: Þorfinnur Sigurgeirsson

© 2018 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið

Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið

WWW.BGS.IS

Reykjavík, apríl 2018

Efnisyfirlit

1	<i>Umfang bílgreina</i>	1
1.1	<i>Hlutur bílgreina í landsframleiðslu stendur í stað</i>	1
1.2	<i>Bílasölum fjölgaði um 6% milli ára</i>	2
1.3	<i>Gjaldþrotum fækkaði um 42% á milli ára</i>	2
1.4	<i>Velta eykst lítillega milli ára</i>	3
1.5	<i>Tekjur vegna nýrra bíla aukast um tæpa 2 milljarða</i>	4
1.6	<i>Vörugjöld</i>	4
1.7	<i>Aukinn innflutningur á varahlutum</i>	5
1.8	<i>Tekjur af bifreiðagjöldum hækka stöðugt</i>	6
1.9	<i>Tekjur vegna eigendaskipta og nýskráninga aukast áfram</i>	6
1.10	<i>Skattur vegna fræðslu umferðaröryggis 162 milljónir í fyrra</i>	7
1.11	<i>Vanrækslugjöld</i>	7
2	<i>Bílaflotinn</i>	8
2.1	<i>Annað met í nýskráningum</i>	8
2.2	<i>Ökutækjum á Íslandi fjölgar áfram</i>	9
2.3	<i>Gráum bílum fækkar en bleikum fjölgar</i>	9
2.4	<i>Nýskráningar eftir landshlutum</i>	10
2.5	<i>Meðaldur bílaflotans lækkar lítillega</i>	11
2.6	<i>41 þúsund ökumenn of seinir í ástandsskoðun</i>	12
2.7	<i>Umferðarslys aukast lítið milli ára</i>	12
3	<i>Ökutæki og umhverfi</i>	13
3.1	<i>Eldsneytisverð hækkaði minna en hækkun heimsmarkaðsverðs</i>	13
3.2	<i>Hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa breytist lítið</i>	14
3.3	<i>Hlutur bíla í losun koldíoxíðs er 24%</i>	15
3.4	<i>Mengun nýskráðra bifreiða lækkar áfram</i>	15
3.5	<i>Tengiltvinnbílum fjölgar hratt</i>	16
3.6	<i>Hleðslustöðvar opna hringveginn</i>	17
4	<i>Starfsumhverfi bílgreina</i>	18
4.1	<i>Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum</i>	18
4.2	<i>Starfsmönnum í bílgreinum fjölgar</i>	20
4.3	<i>Nemendum í bílgreinum fækkar</i>	20
4.4	<i>Fjöldi útskrifaðra sveina breytist lítið</i>	21
5	<i>Aðildarfyrirtæki BGS</i>	22

Myndaskrá

1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu.	1
1.2	Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.	2
1.3	Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni.	2
1.4	Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs.	3
1.5	Vörugjöld af innflutningi bifreiða.	4
1.6	Vörugjöld af bensíni og olíugjald.	4
1.7	Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum.	5
1.8	Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum.	6
1.9	Innheimt skráningargjöld eftir árum.	6
1.10	Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum.	7
1.11	Innheimt vanrækslugjald eftir árum.	7
2.1	Nýskráningar nýrra bifreiða.	8
2.2	Fjöldi skráðra ökutækja.	9
2.3	Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða.	9
2.4	Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlut- um.	10
2.5	Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans.	11
2.6	Álagningar vanrækslugjalda.	12
2.7	Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári.	12
3.1	Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002.	13
3.2	Eldsneytisnotkun bílaflotans.	14
3.3	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2) eftir uppruna árið 2015.	15
3.4	CO_2 losun nýskráðra bifreiða á kílómetra.	15
3.5	Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum.	16
3.6	Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu.	17
4.1	Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2016.	18
4.2	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönn- un VR ásamt 25% og 75% mörkum.	19
4.3	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR.	19
4.4	Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum.	20
4.5	Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum.	20
4.6	Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum.	21

Ávarp formanns

Kæru félagsmenn,

Þetta er fimmta árbók bílgreina. Bókin hefur fest sig í sessi sem upplýsingarit um stöðu bílgreinarinnar á Íslandi. Alls eru fyrirtæki bílgreinarinnar að verða 1.000 talsins og eru stöðugildi í greininni um 4.000 eða um 2% af heildarstörfum landsmanna.

Bílgreinin er á gríðarlega spennandi tímamótum þar sem miklar breytingar eru framundan. Nýir orkugjafar eru að ryðja sér til rúms og því er spáð að Ísland verði meðal fremstu landa í Evrópu varðandi hraða á innleiðingu þeirra í samgöngum okkar. Sótt er fast að bílnum en Íslendingar eru þrátt fyrir það ein mesta bílaþjóð heims. Hér á landi eru skráð um 370.000 ökutæki. Landið er stórt og bifreiðin er gríðarlega mikilvæg hér á landi, til dæmis fyrir landsbyggðina varðandi dreifingu ferðamanna um landið. Hugmyndir um Borgarlínu eru spennandi, en þrátt fyrir þær er ekki gert ráð fyrir því að almenningssamgöngur verði hærra hlutfall en 12% á höfuðborgarsvæðinu. Þar af leiðandi er öruggt að bíllinn mun áfram gegna lykilhlutverki.

Bílaframleiðendur búa við ríkar kröfur um minni og minni útblástur frá bifreiðum og er Ísland meðal þeirra landa sem hvað mestum árangri hafa náð undanfarin ár varðandi minnkun í útblæstri bifreiða. Bílaframleiðendum er gert að standast ákveðna mengunarstaðla, sem í tilfelli þeirra evrópsku eru settir af Evrópusambandinu. Árið 1992 var Euro 1 mengunarstaðallinn kynntur til sögunnar en síðan þá hefur hann verið uppfærður reglulega og kröfur auknar verulega til að draga úr mengun frá jafnt dísil- sem bensín-bílum. Í dag er stuðst við Euro 6 mengunarstaðalinn í framleiðslu á nýjum bílum. Í haust tekur Euro 6 d mengunarstaðallinn við sem er enn strangari.

Miklar framfarir hafa orðið í framleiðslu dísilvéla undanfarin ár með það að markmiði að minnka mengun nituroxíðs (NO_x) og koltvísýrings (CO_2). Mengun NO_x er því vel innan við 10% af því sem hún var í Euro 1 staðlinum. Dísilbíll ágerð 1992 gefur frá sér 12 sinnum meira NO_x og 5,5 sinnum meira CO_2 en bíll sem er nýr og uppfyllir Euro 6 staðalinn eins og allir nýir bílar gera í dag. Þá hefur svifryk farið niður um 96% í dísil síðan árið 1993. Nýir bílar eru því miklu umhverfismildari en þeir voru fyrir áratug og áratugum. Til að ná fyrr metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda um lækkun CO_2 og annarra efna frá umferð þá gætu stjórnvöld stuðlað að enn frekari förgun eldri bíla og um leið aukið hraða nýrra og umhverfismildari bíla sem uppfylla Euro 6 staðal. Aukaáhrif af slíkri leið yrðu fækkun alvarlegra slysa vegna miklu meiri öryggisbúnaðar í nýjum bílum og minni innflutningur á jarðefnaeldsneyti til landsins.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Bílgreinasambandsins þakka Rannsóknarsetri verslunarinnar og ritnefnd fyrir góða vinnu við Árbók bílgreina sem er mikilvægt tæki í síbreytilegum rekstri bílgreina.

Jón Trausti Ólafsson

Formaður Bílgreinasambandsins




1 Umfang bílgreina

1.1 Hlutur bílgreina í landsframleiðslu stendur í stað

Hlutur bílgreina¹ í landsframleiðslu árið 2017 var 1.6% og stendur í stað frá fyrra ári. Frá árinu 2008, hrunárinu svokallaða, hefur hlutu bílgreina í landsframleiðslu aukist á hverju ári, þar til nú.

Bílgreinar samanstanda af nokkrum undirflokkum, sem eru mis viðkvæmar fyrir breytingum í efnahagsumhverfinu. Einstaka undirpættir eru viðkvæmari en aðrir gagnvart breytingum. Stærsti einstaka undirpáttur bílgreina, sala vélknúinna ökutækja, er sá viðkvæmasti er kemur að efnahagssveiflum. Kemur þetta skýrt í ljós í bæði upp- og niðursveiflum efnahagslífsins. Í efnahagssamdrætti seljast færri nýir bílar á meðan viðgerðarþjónusta dafnar þar sem bílaeigendur vilja þá fremur lengja líftíma bíla sinna.

¹ Bílgreinar eru þær atvinnugreinar sem falla undir flokk 45 í atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT2008. Til þeirra teljast meðal annars sala nýrra og notaðra bifreiða og vélhjóla ásamt viðhaldi, viðgerðum og sölu vara- og aukahluta.




Mynd 1.1: Hlutur bílgreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.2

Bílasölum fjölgaði um 6% milli ára

Fyrirtækjum í bílgreinum fjölgaði um 35 árið 2017 og voru alls 976 í lok ársins. Mesta fjölgunin var í flokki viðgerðarverkstæða eða um 15. Bílasölum fjölgaði um 12. Var sú fjölgun hlutfallslega mest af þeim fyrirtækjum sem teljast til bílgreina. Fyrirtækjum í sölu á vara- og aukahlutum fjölgaði um þrjú á árinu eftir að hafa fækkað um tvo árið á undan.




Mynd 1.2: Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.3

Gjaldprotum fækkaði um 42% á milli ára

Árið 2017 urðu 22 fyrirtæki í bílgreinum gjaldþrota sem voru 42% færri gjaldþrot en á árinu 2016 þegar alls 38 bílgreinafyrirtæki urðu gjaldþrota. Ef fjöldi gjaldþrota frá aldamótum er skoðaður sést að 25 fyrirtæki hafa að meðaltali orðið gjaldþrota á hverju ári. Flest gjaldþrot urðu árið 2011 eða 40 talsins. Er fjöldinn á síðasta ári því örlítið undir meðaltali tímabilsins. Flest gjaldþrot urðu í flokki bílaviðgerða eða alls 14, þá voru 6 gjaldþrot meðal bílasala. Eins og komið hefur fram áður fjölgaði bílasölum þrátt fyrir það um 12 á árinu.




Mynd 1.3: Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.4

Velta eykst lítillega milli ára

Velta í bílgreinum, að meðtöldum viðgerðum, sölu á varahlutum og aukabúnaði, nam alls 174 milljörðum árið 2017 og jókst um 8% milli ára. Hluttur sölu nýrra bifreiða er ennþá stærsti liðurinn af heildarveltu bílgreina eða um 78%. Á síðasta ári nam bílasalan alls 135,1 milljörðum kr. og jókst um tæp 11% milli ára. Velta bílaviðgerða og viðhalds nam 16% af heildarveltu bílgreina og jókst um 2,2% á milli ára. Sala varahluta og aukabúnaðar er um 5% af heildarveltu greinarinnar.


Á síðasta ári var stór hluti af veltu í sölu á nýjum bílum tilkominn vegna kaupa á bílaleigubílum en um það bil helmingur nýrra nýskráðra bíla voru bílaleigubílar. Miðað við nýlegar fréttir þykir líklegt að ákveðnum toppi hafi verið náð í fjárfestingu á bílaleigubílum og því alls óvíst að aukningin verði áfram jafn ör.



Mynd 1.4: Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.5 Tekjur vegna nýrra bíla aukast um tæpa 2 milljarða


Tekjur ríkissjóðs af innflutningi nýrra bíla halda áfram að aukast. Árið 2017 námu tekjurnar 10,1 milljarði kr. eða um 21% aukning á milli ára. Tekju-aukningin er fyrst og fremst tilkomin vegna aukins fjölda innfluttra bifreiða á árinu. Þá virðast álögur einnig hafa hækkað. Að meðaltali voru tekjur af vörugjöldum 4,5% hærri á hvern nýskráðan bíl en í fyrra en ástæðuna má rekja til hækkunar á vörugjöldum. Á síðasta ári lækkaði þessi tekjustofn um 9% að meðaltali á hvern bíl en þá var ástæðan sú að innfluttar bifreiðar voru eyðslugrennri en árið áður.



Mynd 1.5: Vörugjöld af innflutningi bifreiða.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.6 Vörugjöld

Tekjur ríkissjóðs vegna vörugjalda af bensíni ásamt olíugjaldi fyrir árið 2017 námu rúmlega 24 milljörðum kr. og nemur breytingin tæpum 12% á milli ára. Vörugjöld af bensíni voru 12,7 milljarðar kr. og olíugjald 11,4 milljarðar kr. Tekjur ríkisins jukust um 12% á milli ára af þessum tveimur gjöldum. Hlutfallslega hækkuðu tekjur af dísilolíu mun meira eða um 21% á meðan vörugjöld af bensíni jukust um 4%. Skýrist það að miklu leyti af mikilli aukningu á sölu dísilolíu ásamt hækkunum á verði per lítra og skattahækkunum á síðasta ári.




Mynd 1.6: Vörugjöld af bensíni og olíugjald.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.7

Aukinn innflutningur á varahlutum

Heildarvirði innflutnings á varahlutum, hjólbörðum og smurolíu tók litla dýfu milli ára í fyrra en jókst aftur á árinu 2017. Innflutningsverðmæti bílavarahluta nam 5,4 milljörðum kr. árið 2016 en fór í 6,3 milljarða kr. á síðasta ári. Innflutningsverðmæti hjólbarda hélt áfram að lækka á milli ára, fór úr 3,8 milljörðum frá árinu 2016 niður í 3,7 milljarða. Sömu sögu er að segja af innflutningsverðmæti smurolíu sem lækkaði úr 1,3 milljarði kr. í rétt rúmlega 1 milljarð á milli ára.

Eins og sést á línuritinu hér að neðan eru sveiflur í innflutningsverðmæti fremur algengar. Helstu áhrifapættir eru meðalaldur bílaflotans, sveiflur í gengi og kaupmáttur.




Mynd 1.7: Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.8

Tekjur af bifreiðagjöldum hækka stöðugt

Tekjur ríkisins af bifreiða- og úrvinnslugjöldum var 7,3 milljarðar króna árið 2017 og jukust tekjurnar um 7% milli ára. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir verðlagsbreytingum hafa innheimt bifreiðagjöld verið svipuð síðustu 10 ár. Hefur þessi tekjustofn ríkisins því verið nokkuð stöðugur undanfarinn áratug.




Mynd 1.8: Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum. Heimild: Fjársýslan.

1.9

Tekjur vegna eigendaskipta og nýskráninga aukast áfram

Skráningargjöld eigenda vegna nýskráninga bifreiða og eigendaskipta námu 412 milljónum kr. árið 2017. Aukningin milli ára er 44 milljónir kr. eða 12% frá fyrra ári. Þar af námu tekjur ríkisins af nýskráningum tæplega 165 milljónum kr. en rúmlega 247 milljónum króna af eigendaskiptum. Líkt og á síðasta ári er töluvert meiri aukning í gjöldum vegna nýskráninga, eða tæp 24% samanborið við rúm 5% vegna eigendaskipta. Tekjur ríkisins vegna þessara gjaldflokka hafa aukist á hverju ári frá árinu 2009, eins og sést hér á myndinni hér að neðan.




Mynd 1.9: Innheimt skráningargjöld eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.10

Skattur vegna fræðslu umferðaröryggis 162 milljónir í fyrra

Tekjur ríkissjóðs vegna umferðaröryggisgjalds á árinu 2017 nam tæpum 162 milljónum kr. eða 3,6% meira en 2016. Gjaldið er innheimt við ástandsskoðun ökutækis, nýskráningu og við eigendaskipti. Tekjurnar eiga að standa straum af fræðslu um umferðaröryggi. Tekjur af þessu gjaldi hafa hækkað á hverju ári frá árinu 2008, bæði vegna aukinna umsvifa í bílaviðskiptum og vegna hækkunar gjaldsins.




Mynd 1.10: Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.11

Vanrækslugjöld

Innheimta ríkisins á vanrækslugjöldum árið 2017 nam 335 milljónum króna eða 46 milljónum kr. minna en árið áður. Ástæða lægri tekna á milli ára gæti verið sú að fleiri hafi fært bifreiðar sínar til skoðunar innan mánaðar eftir að gjöldin voru lögð á. Sé það gert lækkar upphæðin sem greidd er um helming. Vanrækslugjöld eru lögð á þá bifreiðaeigendur sem vanrækja að færa bíla sína til ástandsskoðunar eða fara með þá of seint.



Mynd 1.11: Innheimt vanrækslugjald eftir árum. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2

Bílaflotinn

2.1


Annað met í nýskráningum

Líkt og á síðasta ári var met slegið í fjölda nýskráninga. Fjöldi nýskráðra fólksbíla hefur aldrei verið meiri á einu ári en árið 2017. Heildarfjöldi nýrra skráðra bifreiða var 23.917 á árinu, sem er 15% aukning frá fyrra ári, hlutfallsleg aukning milli ára er þó heldur minni nú en á síðasta ári.

Nýskráðir nýir fólksbílar voru 21.346 árið 2017 og nýir atvinnu bílar (sendi-, vöru- og hópbílar) voru 2.506. Hlutfallsleg aukning skráninga nýrra fólksbíla nam 16% milli ára en aukningin nam 8% í flokki atvinnubíla. Þrátt fyrir áframhaldandi aukningu á innflutningi bifreiða dregur heldur úr hlutfallslegri aukningu á milli ára. Fjöldi nýrra atvinnubíla skiptist með þessum hætti:

- Alls voru nýskráðar 2.024 nýjar sendibifreiðir árið 2017 og 850 notaðar.
- Alls voru nýskráðar 156 nýjar hópbifreiðar og 120 notaðar.
- Alls voru nýskráðar 391 nýjar hópbifreiðar og 433 notaðar.


Þá voru bílaleigubílar tæpur helmingur allra nýskráðra bíla á síðasta ári eða 10.362 bílar. Er það aukning um u.þ.b. þúsund bíla frá fyrra ári.



Mynd 2.1: Nýskráningar nýrra bifreiða.
Heimild: Samgöngustofa.

2.2 Ökutækjum á Íslandi fjölga áfram


Heildarfjöldi skráðra ökutækja á Íslandi í árslok 2017 var 366.888 en þar af voru 294.482 ökutæki í umferð á þeim tíma. Að meðaltali voru því fleiri en eitt ökutæki skráð á hvern Íslending árið 2017. Frá árinu 2011 hefur ökutækjum á skrá fjölgað um tæp 23% á meðan mannfjöldi á sama tíma-bili hefur einungis aukist um 9%. Samkvæmt flokkun Samgöngustofu eru bensínbílar ennþá ríflega tveir þriðju allra ökutækja. Hluttur annarra orkugjafa hefur þó aukist nokkuð á milli ára.



Mynd 2.2: Fjöldi skráðra ökutækja. Heimild: Samgöngustofa.

2.3 Gráum bílum fækkar en bleikum fjölga

Eins og undanfarin ár voru gráir og hvítir bílar í miklum meirihluta seldra bíla á árið 2017. Hlutdeild þeirra af seldum nýskráðum bílum nam 62%, sem þó er lækun upp á 7% frá fyrra ári. Ekki fer mikið fyrir litagleði í bílakaupum og eru litlar breytingar í hlutfalli helstu litbrigða. Rauður litur er þriðji vinsælasti bílaliturninn en svartur þar á eftir í röðinni. Það kom þó að því að bleikur bíll seldist og voru tveir slíkir seldir á árinu sem leið meðan enginn seldist í fyrra. Af þeim 23.917 bifreiðum sem seldir voru á síðasti ári voru 9.323 gráir og 6.781 hvítir. Að bleikum bílum undanskildum voru gulir bílar óvinsælastir.




Mynd 2.3: Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða. Heimild: Samgöngustofa.

2.4

Nýskráningar eftir landshlutum

Flestir nýskráðir bílar árið 2017 voru á höfuðborgarsvæðinu, eins og við mætti búast. Samtals voru 14.485 bílar nýskráðir í þeim landshluta. Rúmlega tveir þriðju allra nýskráðra bifreiða á árinu. Með því að skoða fjölda nýskráninga með tilliti til íbúafjölda sést að mestur er fjöldinn á Suðurnesjum. Þar voru 136 nýskráðir bílar á hverja 1.000 íbúa. Næst á eftir komu íbúar höfuðborgarsvæðisins með 67 bifreiðar og í því þriðja íbúar á Vesturlandi með 16 skráða bíla á hverja 1.000 íbúa. Fæstar skráningar á hverja 1.000 íbúa voru á Vestfjörðum eða aðeins 7 bílar.

Um helmingur nýskráðra bíla á landinu voru bílaleigubílar, sem væntanlega eru skráðar þar sem höfuðstöðvar viðkomandi bílaleiga eða kaupleiga eru.



Mynd 2.4: Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum. Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa. Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar.


2.5

Meðaldur bílaflotans lækkar lítillega

Meðaldur bifreiða á skrá árið 2017 var 12,03 ár. Meðalaldrinn var 12,5 ár árið 2016 og lækkar hann því lítið eitt milli ára. Meðalaldur annarra bifreiða (hóp-, sendi- og vörubifreiða) var 13,27 ár.

Líkt og á fyrra ári eykst hlutfall yngstu bílana mest, aldursflokknum 0-5 ára, sem skýrist af áframhaldandi fjölgun nýrra bíla á milli ára. Jókst hlutfall bifreiða í þessum aldursflokki um 28% á milli ára. Á árinu 2013 voru skráðar 27.128 bifreiðar í þessum aldursflokki, árið 2017 var sá fjöldi kominn upp í 79.927 sem er aukning um 53.799 bifreiðar.

Íslenski bílaflotinn er talinn gamall í alþjóðlegum samanburði. Er það áhugavert í ljósi þess að margir ókostir eru tengdir við eldri bíla svo sem meira og dýrara viðhald. Nýrri bílar eru einnig almennt sparneytnari og öruggari en eldri bílar. Ekki er ólíklegt að einhver hluti ástæðunnar fyrir því hve gamall bílafloki Íslendinga mælist felist í mismunandi talningaraðferðum hérlandis og erlendis.




Mynd 2.5: Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans. Heimild: Samgöngustofa.

2.6

41 þúsund ökumenn of seinir í ástandsskoðun

Vanrækslugjöld voru lögð á 41.057 bifreiðaeigendur sem ekki höfðu sinnt því að færa bifreiðar sínar til ástandsskoðunar á tilteknum tíma. Álagningar fjöldinn var 15% meiri en árið á undan. Langmestur hluti álagninganna eða 83% var vegna hirðuleysis bifreiðaeigenda við að mæta í aðalskoðanir.




Mynd 2.6: Álagningar vanrækslugjalda.
Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2.7

Umferðarslys aukast lítið milli ára

Á árinu 2017 voru skráð 6.822 umferðaróhöpp sem er 5% fjölgun frá árinu 2016. Mikill meirihluti óhappanna var minniháttar eða án meiðsla. Banaslys á árinu 2017 voru 13 talsins en voru þau 18 árið áður. Flest umferðaslys á árinu 2017 urðu í nóvember en fæst í apríl, ólíkt síðustu tveimur árum. Slysafíðni hefur verið að aukast síðastliðin ár og hélt sú þróun áfram. Tíðnin hefur þó aukist minna en ætla mætti miðað við fjölgun bifreiða í umferð og ekinna kílómetra. Fyrir því geta verið margar ástæður en líklega má þakka betur búnum ökutækjum, fræðslu um umferðaröryggi og bættum samgöngumannvirkjum.

Eftir sem áður er aldurshópurinn 17 – 26 ára sá sem lendir í flestum umferðaróhöppum. Erlendir ferðamenn voru 17% þeirra sem slösuðust í umferðinni á síðasta ári. Flestir þeirra voru frá Kína eða 39 talsins.



Mynd 2.7: Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári. Heimild: Samgöngustofa.




3 Ökutæki og umhverfi

3.1

Eldsneytisverð hækkaði minna en hækkun heimsmarkaðsverðs

Eftir miklar lækkanir á eldsneyti undanfarin ár hækkaði eldsneytisverð lítillega á árinu sem leið. Í ársbyrjun 2017 var bensínlítrinn tæplega 7% hærri en í ársbyrjun 2016 og verð á dísilolíu hækkaði um tæp 11% í sjálfsafgreiðslu. Heimsmarkaðsverð á árinu hefur farið ört hækkandi síðastliðið ár og hækkaði um 18% frá árinu áður. Sú hækkun hefur ekki skilað sér að fullu í endursöluverði þrátt fyrir hækkanir. Mögulegt er að aukin samkeppni á eldsneytismarkaði eigi að minnsta kosti einhvern hlut í því. Eldsneyti er hjá flestum stærsti útgjaldaliðurinn við rekstur bíla. Því má ætla að bifreiðaeigendur gleðjist yfir því að hækkanir hafi ekki verið meiri.



Mynd 3.1: Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002. Heimild: Hagstofa Íslands.


3.2

Hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa breytist lítið

Hið hefðbundna jarðefnaeldsneyti er ennþá lang algengasta eldsneytið sem notað er til að knýja áfram bifreiðar. Þrátt fyrir að umhverfisvænni orkugjafar hafi verið í sókn undanfarin ár eru þeir aðeins um 6% af heildarmagni þess eldsneytis sem notað er. Sé áætluð raforka á rafbíla tekin með í reikninginn hækkar hlutfallið eilítið eða upp í 6,4%. Árið 2017 var bensínnotkun á bílaflotann 135.011 tonn og dróst saman um tæpt prósent frá árinu áður. Notkun á dísilolíu jókst þó um 12% frá fyrra ári og var 164.307 tonn á síðastliðnu ári.

Erfitt getur reynst að bera saman notkun rafmagns á rafbíla við þá orkugjafa sem hægt er að mæla í tonnum. Því er notuð sú leið að reikna út tonn olíuígilda með því að taka áætlaða raforku til rafbíla og umreikna í olíugildi og margfalda með 2,5. Hugmyndin er sú að átta sig á því hversu mikilli orku hefði verið brennt ef rafbíllinn hefði keyrt á bensíni eða dísilolíu. Árið 2017 var rafmagnsnotkun rafbíla áætluð 2.616 tonna ígildi með því að beita ofangreindri aðferð.

Heildareldsneytisnotkun ársins 2017 var um 318.391 tonn eða um 6% meiri en árið áður í tonnum talið. Er það sama aukning og var á milli árana 2015 og 2016. Aukninguna má að einhverju leyti rekja til fjölgunar ferðamanna en einnig hafa miklar framkvæmdir verið á landinu síðasta ár og hefur það sitt að segja.




Mynd 3.2: Eldsneytisnotkun bílaflotans.
Heimild: Orkustofnun.

3.3 Hlutur bíla í losun koldíoxíðs er 24%

Hlutur bifreiða í losun koltvísýrings jókst um 1% á milli árána 2014 og 2015 og var 24% af heildarlosun. Hlutur bílaflotans í losuninni breytist lítillega á milli ára en taka skal fram að um nokkuð gamlar tölur er að ræða. Síðan 2015 hefur hlutur bifreiða með aðra eldsneytisgjafa aukist hratt sem endurspeglast því ekki í þessum tölum.


Áfram er mesta losunin vegna stóriðju eða um 51% heildarlosunar hér á landi. Þá er þriðja mesta losunin frá skipaflota landsins eða 13%. Að mati Umhverfisstofnunarinnar var heildar losunin 3.360 kt. eða hækkan um 2.2% á milli ára. Litlar breytingar eru á milli ára í heildarlosuninni en hlutur bifreiða gæti dregist saman á næstu árum vegna hækkandi vörugjalda á jarðefnaeldsneyti og ef sala á bifreiðum með aðra eldsneytisgjafa heldur áfram að aukast. Inn í þeirri opinberu tölfræði um losun koltvísýrings sem hér er stuðst við er hvorki tekið mið af flugsamgöngum né heldur framræstu votlendi.



Mynd 3.3: Losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂) eftir uppruna árið 2015. Heimild: Orkustofnun.

3.4 Mengun nýskráðra bifreiða lækkar áfram

Með áframhaldandi þróunum í framleiðslu bifreiða og véla eru nýir bílar sífellt sparneytnari og öruggari. Kröfurnar um minnkandi losun skaðlegra efna í andrúmsloftið hefur þrýst mjög á þessa þróun. Nýir bílar árið 2017 losuðu að meðaltali 127 gr. koldíoxíðs á hvern ekinn kílómetri. Til samanburðar losuðu nýir bílar árið 2010 að meðaltali 173 gr. af koldíoxíð á hvern ekinn kílómetri. Á þessum 7 árum hefur meðaltals mengunin lækkað um 26%. Kröfur almennings um sparneytnari bíla hefur þar mikið að segja.




Mynd 3.4: CO₂ losun nýskráðra bifreiða á kílómetra. Heimild: Orkusetur.

3.5

Tengiltvinnbílum fjölga hratt

Árið 2008 urðu straumhvörf innan bílageirans og áherslur framleiðenda og neytenda fóru í meiri mæli að beinast að endurnýjanlegum orkugjöfum. Árið 2009 voru fyrstu tveir metanbílarnir nýskráðir hér á landi og hefur nýskráningum metanbíla fjölgað nokkuð jafnt í gegnum árin. Samtals voru 1.333 metanbílar skráðir frá 2009 til 2017. Rafmagnsbílar komu á íslenskan markað stuttu seinna. Fyrstu tveir bílarnir voru nýskráðir árið 2010. 2012 til 2013 varð fyrsta stóra aukningin á milli ára þegar fjöldi rafbíla þrefaldaðist milli ára. Árið 2014 hóf Orka Náttúrunnar að koma upp hraðhleðslustöðvum á opnum svæðum. Síðan þá hefur fjölgunin verið mikil á nýskráningum rafbíla. Árið 2016 voru nýskráningar 376 en fóru upp í 847 bíla árið 2017. Var hlutfallsbreytingin um 125% á milli ára. Þá hafa samtals 1.893 rafmagnsbílar verið skráðir árin 2009 til 2017.

Tengiltvinnbílar komu á markað árið 2014 og hefur aukningin undanfarin ár verið mest í nýskráningum á slíkum bílum. Árið 2016 voru 691 tengiltvinnbílar nýskráðir og árið 2017 voru þær um 1.380 bílar eða 200% fleiri. Þrátt fyrir að hafa verið töluvert skemur á markaði eru tengiltvinnbílar nú flestir og hafa 2.957 tengiltvinnbílar verið skráðir frá 2014. Síðastliðin ár hafa sífellt fleiri bílaframleiðendur einbeitt sér að framleiðslu rafmagns- og tengiltvinnbíla, úrvalið hefur aukist mikið og er viðbúið að það muni aukast enn frekar á komandi árum. Það sem helst ræður úrslitum um fjárfestingu neytenda í rafbílum er drægni og verð bílsins. Með aukinni framleiðslu mun verð líklega lækka og með frekari tækniþróun eykst drægni.




Mynd 3.5: Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Heimild: Orkusetur.

3.6

Hleðslustöðvar opna hringveginn

Árið 2014 hóf Orka Náttúrunnar (ON) uppsetningar á hleðslustöðvum fyrir rafbíla. Frá því að fyrstu stöðvarnar voru teknar í notkun í Reykjavík hefur stöðvum fjölgað vött og dreift um landið. Í mars 2018 náðist sá áfangi að þéttleiki hleðslustöðva um hringveginn sé nægjanlegt til að hann sé opinn fyrir rafbílum. Ísorka hefur sett upp eina hraðhleðslustöð í Firðinum í Hafna-firði og Hlaða hefur sett upp eina slíka í Garðabæ. ON hefur sett upp 25 hraðhleðslustöðvar um landið og von er á fleirum á þessu ári. Á áætlun ON fyrir árið 2018 er að bæta við 13 hleðslustöðvum á víð og dreif um landið. Líklegt er að með fjölgun hleðslustöðva um landið muni sala á rafmagns- og tengiltvinnbílum aukast á næstu árum.



Mynd 3.6: Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu. Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

Einn af hverjum tíu nýtir sér hraðhleðslustöðvar


Norðmenn hafa í sífellt ríkari mæli keypt sér rafbíla. Könnun þarlendis á nýtingu hleðslustöðva gefur ágæta mynd af því hvernig einstaklingar nýta sér hleðslustöðvar. Samkvæmt þeirra könnunum nýta um 85% rafbílaeigenda sér heimahleðslustöðvar eða hleðslustöðvar við vinnustaði sína. Um það bil 5% eigenda nýta sér hleðslustöðvar við opinbera staði. Þá er um 10% sem nýta sér hraðhleðslustöðvar sem settar hafa verið upp af hinum ýmsu fyrirtækjum í Noregi líkt og ON, Ísorka og Hlaða hafa gert á Íslandi.

4 Starfsumhverfi bílgreina


4.1

Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum

Engar opinberar tölur eru til um laun sundurgreind niður á þá sem starfa í bílgreinum. Starfsfólk bílgreina vinnur margvísleg störf svo sem á verkstæðum, sem sölumenn, skrifstofustörf og við stjórnun og rekstur. Árið 2016 var miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 561 þúsund krónur, sem var hækkun upp á 14% frá fyrra ári. Laun almennt hækkuðu um 9,7% óháð starfsstétt. Voru meðallaun 588 þúsund kr. árið 2016, borið saman við 579 þúsund árið 2015 reiknað með launavísitölu 2017.




Mynd 4.1: Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2016. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4.2: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum. Heimild: Launakönnun VR.

Heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru að meðaltali 648 þúsund kr. á mánuði árið 2017 samkvæmt launakönnun VR, eru það sömu heildarlaun og á síðasta ári. Helmingur starfsfólks við sölu og viðgerðir bifreiða hafði 500 til 734 þúsund krónur í heildarlaun á mánuði. Hafði því fjórðungur starfsmanna lægri laun en 500 þúsund. og fjórðungur hærri laun en 734 þúsund kr.




Mynd 4.3: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR. Heimild: Launakönnun VR.

4.2

Starfsmönnum í bílgreinum fjölgar

Fjöldi þeirra starfsmanna sem störfuðu við bílgreinar 2017 jókst lítillega á milli ára. Samkvæmt áætlun Hagstofunnar störfuðu um 4.100 manns í bílgreinum við viðhald, viðgerðir og sölu á ökutækjum. Eins og sést á myndinni hér að neðan er áætlaður fjöldi starfsmanna bílgreina í fyrsta skiptið yfir 4.000 síðan árið 2008. Hlutfall starfandi í bílgreinum var 2,2% heildarfjölda starfandi í landinu og fjölgaði þeim um tæpt 1% milli ára.




Mynd 4.4: Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum. Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

4.3

Nemendum í bílgreinum fækkar

Eftir litla fjölgun milli árána 2013 og 2014 hefur nemendum í bílgreinum fækkað umtalsvert. Fækkunin milli árána 2014 og 2015 nam 72 nemendum. Á milli árána 2015 og 2016 nam hún 28 nemendum. Í heildina stunduðu 250 nemendur nám í bílgreinum í íslensku framhaldsskólum árið 2016. Þar af voru 75 nemendur skráðir í grunnnám bíliðna. Af sérgreinum lögðu flestir nemendur stund á bifvélavirkjun eða 129 nemendur. Í bifreiðasmíðum voru 17 og í bílamálun voru nemendur 29 talsins. Miðað við fjölgun nemenda í grunnnámi árið 2014 var ásókn í sérgreinar minni en hefði mátt ætla.




Mynd 4.5: Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

4.4

Fjöldi útskrifaðra sveina breytist lítið

Árið 2017 luku 52 manns sveinsprófi í bílgreinum. Af nýsveinum voru flestir sem luku prófi í bifvélavirkjun eða 42 talsins. Þá luku 7 nemendur sveinsprófi í bílamálun og 3 í bifreiðasmíði. Smávægilegar breytingar eru á milli ára í fjölda þeirra sem útskrifast úr bílgreinum. Þannig voru 50 nemar sem luku sveinsprófi í bílgreinum árið 2016. Síðastliðinn áratug hafa að meðaltali 48 nemendur útskrifast á ári. Stækkun bílaflotans heldur áfram á milli ára á meðan nýliðun í bílgreinum stendur nánast í stað. Þegar fram líða stundir er því hætt á skortur verði á fagfólki í greininni.



Mynd 4.6: Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum. Heimild: Iðan fræðslusetur.

5

Aðildarfyrirtæki BGS

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
100 Bílar ehf	Pverholti 6	270 Mosfellsbær
AB Skálinn ehf.	Gagnheiði 11	800 Selfoss
Almenna bílaverkstæðið ehf.	Skeifan 5	108 Reykjavík
ALP-GÁK ehf.	Skemmuvegi 20	200 Kópavogur
Armur ehf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Askja ehf.	Krókhálsi 11	110 Reykjavík
BB Bílaréttingar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík
Bernhard ehf.	Vatnagörðum 24	104 Reykjavík
Betri bílar ehf.	Skeifan 5	108 Reykjavík
BHS ehf.	Fossbrún 2	621 Dalvík
Bifreiðastillingin	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf.	Fjölhnisgötu 2a	603 Akureyri
Bifreiðaverkstæði Björns P ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.	Hrísmýri 3	800 Selfoss
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf.	Akralind 9	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.	Smiðjuvegi 22	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Jónasar ehf.	Skemmuvegi 46m	200 Kópavogur
Bifreiðaverkstæði Mosfellsbæjar ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf.	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík
Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf.	Selnes 28	760 Breiðdalsvík
Bílabankinn ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Bílabúð Benna ehf.	Vagnhöfða 23	110 Reykjavík
Bílagerði ehf.	Eyrarland 1	530 Hvammstanga
Bílahöllin-Bílaryðvörn ehf.	Bíldshöfða 5	110 Reykjavík
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf.	Klettháls 2	110 Reykjavík

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Bílamálun Egilsstöðum ehf.	Fagradalsbraut 21-23	740 Egilsstöðum
Bílamálunin Varmi ehf.	Auðbrekku 14	200 Kópavogur
Bílamálun Pálmars	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílaust	Dvergshöfða 2	110 Reykjavík
Bílaprýði ehf.	Laufásgata 5	600 Akureyri
Bílarétting Beyja	Frotagötu 6b	603 Akureyri
Bílar og tjón ehf.	Skemmuvegi 44m	200 Kópavogur
Bílar og Vélar ehf.	Hafnarbyggð 18	690 Vopnafirði
Bílasalan bill.is	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílasprautun Magga Jóns	Íðavellir 11	230 Keflavík
Bílasprautun og Réttingar Auðuns	Nýbýlavegi 10	200 Kópavogur
Bílastjarnan ehf.	Bæjarflöt 10	112 Reykjavík
Bílaverkstæði Austurlands	Miðás 2	700 Egilsstaðir
Bílaverkstæðið Bragginn	Flatir 20	900 Vestmannaeyjar
Bílaverkstæðið Knastás ehf.	Skemmuvegi 4	200 Kópavogur
Bílaverkstæðið Pardus	Suðurgötu	565 Hofsós
Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.	Rauðalæk	851 Hella
Bílaverkstæði Ella	Byggðörðum 2b	170 Seltjarnarnesi
Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs	Smiðjuvegi 48d	200 Kópavogur
Bílaverkstæði SB ehf.	Sindragötu 3	400 Ísafjörður
Bílaverkstæði smur og dekk	Aðalstræti 3	450 Patreksfjörður
Bílaþjónustan	Dynskálar 24	850 Hella
Bílaþjónusta Péturs	Vallholti 17	800 Selfoss
Bílbót ehf.	Bolafótur 3	230 Reykjanesbær
Bíley ehf.	Leiruvogi 6	730 Reyðarfjörður
Bílfang ehf.	Malarhöfða 2	110 Reykjavík
Bílhúsið ehf.	Smiðjuvegi 60	200 Kópavogur
Bíljöfur ehf.	Smiðjuvegi 34	200 Kópavogur
Bílnet ehf.	Brekustíg 38	260 Reykjanesbær
Bílrún ehf.	Borgarteig 7	550 Sauðarkróki
Bílson ehf.	Kletthálsi 9	110 Reykjavík
Bíilverk B.Á ehf.	Gagnheiði 3	800 Selfoss
Bílvogur ehf.	Auðbrekku 17	200 Kópavogur
BL ehf.	Sævarhöfða 2	110 Reykjavík
Borgarbill ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Borgarnes		
Bretti réttingarverkstæði	Smiðjuvegi 4d	200 Kópavogur

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Brimborg ehf.	Bíldshöfða 6	110 Reykjavík
BSA ehf.	Laufásgötu 9	600 Akureyri
Carbon Recycling Int.	Holtasmára 1	200 Kópavogur
CAR-MED ehf.	Dalvegi 24	200 Kópavogur
CAR-X ehf.	Njarðarnesi 8	603 Akureyri
Dekk og smur ehf.	Nesvegi 5	340 Stykkishólmur
Diesel.is	Kletthálsi 15	110 Reykjavík
E.T. Ehf.	Klettagöðum 11	104 Reykjavík
Framrás ehf.	Smiðjuvegi 17	870 Vík
Frumherji hf.	Hesthálsi 6-8	110 Reykjavík
GB Tjónaviðgerðir	Draghálsi 8	110 Reykjavík
GE bílar ehf.	Bolafæti 1	260 Reykjanesbær
Glitir ehf.	Suðurlandsbraut 16	108 Reykjavík
Hekla hf	Laugavegi 174	105 Reykjavík
Höfðahöllin ehf.	Funahöfða 1	110 Reykjavík
Höldur ehf.	Þórsstíg 4	600 Akureyri
Kaupfélag Skagfirðinga	Hesteyri 2	550 Sauðárkrúkur
Kraftbílar ehf.	Draupnisgötu 6	603 Akureyri
Kraftur hf.	Vagnhöfða 1-3	110 Reykjavík
Krókur ehf.	Suðurhrauni 3	210 Garðabær
Kvikk þjónustan	Vagnhöfða 5	110 Reykjavík
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48	200 Kópavogur
Lakkskemman ehf.	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla Bílasalan ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Málningarvörur ehf.	Lágmúla 9	108 Reykjavík
Mótorhaus ehf.	Langanesvegi 14	680 Þórshöfn
N1	Langatanga 2	270 Mosfellsbær
Neyðarþjónustan ehf.	Skútuvogi 11	104 Reykjavík
Nýja Bílahöllin	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Ný-Sprautun	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbær
Pústþjónusta BJB ehf.	Flatahrauni 7	220 Hafnarfjörður
Réttingarverkstæði Hjartar	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Réttingarverkstæði Jóns B. Ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbær
Réttingarverkstæði Sveins ehf.	Eyrargötu 11	740 Neskaupsstað
Réttingarverkstæði Þórarins	Grettisgötu 15	101 Reykjavík
Réttingarþjónustan	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Réttingaverk ehf.	Hamarshöfða 10	110 Reykjavík

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Rétt sprautun ehf.	Smiðjuvöllum 6	260 Reykjanesbær
RVR ehf.	Steinhella 17b	221 Hafnarfjörður
Ryðvörn Þórðar ehf.	Funahöfða 15	110 Reykjavík
SBB Borgarnesi	Sólbakka 5	310 Akranes
SBJ réttingar ehf.	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Smur- og hjólbarðapjónustan	Vatnsnesvegi 16	260 Reykjanesbær
Smurstöðin Fosshálsi 1	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Stilling ehf.	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Stóra bílasalan	Klettháls 2	110 Reykjavík
Suzuki bílar ehf.	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Tékkland bifreiðaskoðun	Borgartún 24	105 Reykjavík
Toppur ehf.	Skemmuvegi 34	200 Kópavogur
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	210 Garðabær
Varahlutaverslunin Kistufell	Brautarholti 16	105 Reykjavík
Vegagerðin	Borgartúni 5-7	105 Reykjavík
Vélabær ehf.	Bær	Andakíl 311
Vélaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar	Brekku götu 8	530 Hvammstanga
Vélsmiðja Grindavíkur	Seljabót 3	240 Grindavík
Víkurós ehf.	Bæjarflöt 6	112 Reykjavík
Víkurvagnar ehf.	Hyrjarhöfða 8	110 Reykjavík
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík

Í Árbók bílgreina 2018 kemur þetta m.a. fram:

- Hluttur bílgreina í landsframleiðslu stendur í stað á milli ára, þrátt fyrir mikla aukningu í nýskráningum bifreiða.
- Helstu tekjur ríkisins af bílgreinum 2017 voru:
 - Vörugjöld af bensíni og dísilolíu 24 milljarðar kr.
 - Bifreiða og úrvinnslugjöld 7.3 milljarðar kr.
 - Vörugjöld vegna innfluttra bifreiða 10.1 milljarðar kr.
 - Vanrækslugjöld 335 milljónir.
 - Skráingagjöld vegna nýskráninga og eigendaskipta 412 milljónir kr.
 - Umferðaröryggisgjald 162 milljónir kr.
- Gráir og hvítir bílar eru áfram vinsælustu litirnir lítil fjölbreytni í litavali heldur því áfram. Þó voru seldir 2 bleikir bílar á árinu, var það í fyrsta skiptið síðan 2014 sem það gerist.
- Fjöldi nýskráninga bíla jókst um 15% milli ára. Nýtt met var sett í nýskráningum.
- Aftur áttu bílaleigur um helming nýskráðra bíla.
- Skipting innfluttra nýrra og notaðra atvinnubíla 2017 var eftirfarandi:
 - Sendibílar: 2.024 nýir og 850 notaðar
 - Hópbílar: 156 nýir og 120 notaðir
 - Vörubifreiðar: 391 nýir og 433 notaðir
- Álagning vegna vanrækslugjalda dróst saman um 12% milli ára.
- Meðalaldur bifreiða á landinu heldur áfram að lækka, hægt og rólega, var hann 12,03 ár í lok ársins 2017.
- Flest umferðarslys urðu í nóvember en fæst í apríl.
- Hraðhleðslustöðvar hafa verið settar upp allan hringveginn, fyrsta stöðin var sett upp árið 2014. Von er á áframhaldandi uppsetningum slíkra stöðva víðsvegar um landið.
- Tengiltvinnbílum fjölgar mest á milli ára eða um 200% á milli ára. Rafbílum fjölgar einnig hratt á milli ára.



BÍLGREINASAMBANDIÐ